



# Persónuvernd

Ársskýrsla 2017

Umbrot: Persónuvernd



# Persónuvernd

Ársskýrsla 2017



## Efnisyfirlit

<i>Ávarp forstjóra</i> .....	7
<b>Hlutverk Persónuverndar</b> .....	<b>13</b>
<b>Persónuvernd árið 2017</b> .....	<b>14</b>
Stjórn og starfsfólk á árinu 2017 .....	14
Um starfið árið 2017.....	14
Um fjárreiður 2017 .....	16
<b>Efst á baugi hjá Persónuvernd 2017</b> .....	<b>17</b>
Alþjóðlegi persónuverndardagurinn – 28. janúar 2017 .....	17
UT-messan 2017.....	17
Morgunverðarfundur um nýja persónuverndarlöggjöf 3. mars 2017 .....	17
Persónuvernd í íslensku skólasamfélagi – frá leikskóla til háskóla .....	18
Persónuvernd er Stofnun ársins 2017.....	18
Vinnsla persónuupplýsinga hjá Hæstarétti og héraðsdómstólunum .....	18
Persónuverndardagur Sambands íslenskra sveitarfélaga 1. desember 2017.....	19
Fræðsludagar um nýja persónuverndarlöggjöf fyrir opinberar stofnanir.....	19
Útboð vegna rekstrar og hýsingar málaskrárkerfis Persónuverndar.....	19
<b>Umfjöllun um ýmis mál Persónuverndar</b> .....	<b>21</b>
Umsagnir til Alþingis um þingmál.....	21
Úttektir.....	21
Veitt leyfi 2017 .....	21
Starfsleyfi Creditinfo Lánstrausts hf. ....	21
Önnur leyfi vegna rannsóknarverkefna .....	21
Úrskurðir, álit og ákvarðanir stjórnar Persónuverndar 2017 .....	24
<b>Erlent samstarf</b> .....	<b>32</b>
Samstarf norrænna persónuverndarstofnana .....	32
Starf vinnuhóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB .....	32
Samstarf vinnuhóps sérfræðinga EFTA um persónuvernd.....	33
29. fundur starfsmanna persónuverndarstofnana (e. European Case Handling Workshop) .....	33
Samstarf evrópskra persónuverndarstofnana.....	33
Alþjóðlegt samstarf.....	34
Samstarf á vettvangi Evrópuráðsins .....	34



---

## Ávarp forstjóra

---



### Ný evrópsk persónuverndarlöggjöf hefur tekið gildi. Grettistaki lyft á Íslandi!

Hinn 25. maí 2018 kom til framkvæmda innan Evrópusambandsins ný evrópsk reglugerð um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (e. General Data Protection Regulation – GDPR). Skömmu síðar, eða 15. júlí 2018, tóku gildi íslensk lög um sama efni, sem lögfestu ákvæði reglugerðarinnar. Er hér um að ræða mestu breytingar sem gerðar hafa verið á evrópskri persónuverndarlöggjöf í rúma tvo áratugi. Að sama skapi er hér á ferðinni ein umfangsmesta löggjöfin sem komið hefur frá Evrópusambandinu í langan tíma. Ljóst er að engin löggjöf hefur fengið jafnmikla athygli frá hagsmuna- og þrýstihópum – nokkuð sem vel kemur fram í heimildarmyndinni Democracy, þar sem fylgst er með starfi Jan Philipp Albrecht, framsögumanns frumvarpsins hjá Evrópuþinginu, og Viviane Reding, þáverandi dómsmálaráðherra í framkvæmdastjórn ESB, og sagt frá vegferð þeirra 4000 breytingatillagna sem gerðar voru á þeim fjórum árum sem löggjöfin var til meðferðar hjá stofnunum sambandsins.

Vegferð þeirra sem þurft hafa að undirbúa sig fyrir breytt landslag á þessu sviði er ekki styttri og má með sanni segja að ákveðnu grettistaki hafi verið lyft hjá mörgum íslenskum sem og evrópskum fyrirtækjum, stjórnvöldum og öðrum við að innleiða þessa tímamótalöggjöf, sem umfram allt á að rétta hlut okkar einstaklinganna á tækniöld og hjálpa til við heilbrigðan rekstur. Sett eru niður ný viðmið um landfræðilegt gildissvið almennu persónuverndarlöggjafarinnar, þ.e. löggjöfin gildir ef fylgst er með þeim sem staðsettir eru á EES-svæðinu eða þeim boðin vara eða þjónusta óháð því hvort gjald komi fyrir. Það má því segja að heimurinn sé hér undir. Að sama skapi er efnislegt gildissvið löggjafarinnar óvenju víðtækt, enda felur það í sér að allir þeir sem vinna persónuupplýsingar þurfa að uppfylla skilyrði laganna, hvort sem um er að ræða einkafyrirtæki, hið opinbera, sveitarfélög eða aðra aðila. Margar grunnreglur eldri laga um persónuvernd gilda áfram, en að sama skapi eru kynntar til sögunnar nýjar reglur sem auka réttindi einstaklinga. Hin auknu réttindi fela sjálfkrafa í sér auknar skyldur fyrirtækja og annarra ábyrgðaraðila. Útgangspunkturinn er sá að óheimilt er að vinna persónuupplýsingar – nema heimild sé til staðar í lögnum. Veita þarf fullnægjandi fræðslu um vinnslu persónuupplýsinganna og tryggja öryggi þeirra. Ábyrgðaraðilar þurfa að vinna persónuupplýsingar með réttum hætti – og lykilatridið er að þeir þurfa að geta sýnt fram á það.

### Umhverfi persónuverndar – heimurinn er undir

Umhverfi persónuverndar hefur tekið stakkaskiptum vegna tæknibyltingar undanfarinna ára. Persónuupplýsingar eru nær undantekningarlaust skráðar inn í rafræn kerfi og í slíku umhverfi myndast óteljandi möguleikar á aukinni dreifingu, miðlun og vinnslu slíkra upplýsinga. Hjá

Persónuvernd hefur hingað til verið fengist við um 100 lagabálka sem vísa til persónuverndarlaganna. Málin sem berast hafa því verið eins misjöfn og þau eru mörg – allt frá því að lúta að umfjöllun um öryggi persónuupplýsinga í flóknum vísindarannsóknum til þess sem algengara er, t.d. kvartana yfir rafrænu eftirliti á vinnustöðum eða meðferð tölvupósts starfsmanna við starfslok. Við þetta bætist sú staðreynd að flestar stórar tæknijungar undanfarinna ára hafa snertiflöt við persónuvernd. Hér er t.d. átt við Internet allra hluta (e. Internet of Things), þ.e. öll nettengdu tækin okkar; sjónvörpin, hátalarana og ísskápinn sem öll geta verið sí tengd Netinu og gefa fyrirtækjum nákvæmari mynd af hegðun okkar en nokkru sinni áður, og gagnagnótt (e. Big Data), sem felur í sér geysilega umfangsmikla söfnun upplýsinga, oft í mjög óljósum tilgangi. Svo er það gervigreindin (e. Artificial Intelligence) og sjálfvirk ákvarðanatáka véla sem er komin á það stig að ákvarðanir sem hafa mikilvæg áhrif á einstaklinga eru teknar án nokkurrar mannlegrar íhlutunar. Dæmi um það er ákvörðun um láns hæfismat, niðurstöður prófa og ákvörðun um hvort einstaklingur fái að fara um borð í flugvél.

Gervigreind stýrir því til dæmis hvaða upplýsingar fólk sér á samfélagsmiðlum, hvaða auglýsingar fólk sér á Netinu, hvaða vörur Amazon leggur til að fólk kaupi og hvaða efni Netflix telur að henti tilteknum notanda. Erlendis er gervigreind t.d. notuð í þjónustu við viðskiptavinum, t.d. bjóða bankar víða upp á netspjall við „ráðgjafa“ – sem í raun er tölva. Svo eru það Siri, Alexa og sambærilegir „aðstoðarmenn“ sem hægt er að ræða við – og ófá eru leyndarmálin sem slíkir aðstoðarmenn fá að heyra í netspjalli á síðkvöldum. Microsoft býður hér upp á forritið Cortana og þar er fyrirhugað að það geti séð þarfir notandans fyrir, þegar það er búið að læra nógu vel á hann. Einnig mætti nefna andlitsgreiningartækni (e. Facial Recognition), sjálfkeyrandi bíla og sjálfvirku ryksugurnar sem margir eiga. Þær læra hvert þær eiga að fara og hversu mikið þarf að þrifa og hvar, svo dæmi sé tekið. Gmail, tölvupóstforrit Google, notar gervigreind til að flokka póstinn, Facebook notar gervigreind m.a. til að skynja hvort notandi sé í sjálfsvígshugleiðingum og Google notar gervigreind til að stýra því hvaða leitarniðurstöður maður sér.

Öll þessi vinnsla persónuupplýsinga á sér óljós landamæri og því var settur fyrrnefndur útgangspunktur í nýrri löggjöf um landfræðilegt gildissvið. Heimurinn er því að fylgjast með þeim ramma sem Evrópa hefur sett sér með þessari tímamótalöggjöf. Rætt hefur verið um að hér hafi verið sett fram lágmarksviðmið um vernd persónuupplýsinga sem allir eigi að miða við.

### **Af hverju þurfti nýja löggjöf?**

Stutta svarið við því er að allt sem við gerum á Netinu er kortlagt. Hver einasta aðgerð sem við framkvæmum í símanum eða tölvunni er skráð í gagnabanka og úr þessum upplýsingum er unnið – oft gegn okkar eigin hagsmunum. Viðskiptamódel Internetsins og margra fyrirtækja hefur byggst á því að selja persónuupplýsingar eða leyfa ákveðinn aðgang að þeim, án þess að láta okkur vita af því, og dæmi eru um að eitt smáforrit/app veiti 200 öðrum fyrirtækjum umfangsmiklar upplýsingar úr snjallsímanum okkar. Staðan er orðin sú að örfá tæknifyrirtæki stýra orðið milljörðum manna. Undir þetta falla t.d. fyrirtækin Facebook, Google, Uber og Amazon. Þetta gerist með þeim hætti að allt sem við gerum á Netinu, t.d. á samfélagsmiðlum – óskir okkar og þrár, vonir og draumar, kaupsaga, nethegðun, tónlistaráhorf, kvikmyndaáhorf og svo margt, margt annað – er fært í gagnabanka, og á grundvelli flókinna algríma fáum við tilboð frá aðilum sem við vissum ekki að væru að fylgjast með okkur. Því til viðbótar vitum við ekki



hvernig algrímin virka. Þó svo að höfuðmarkmið löggjafarinnar hafi verið að bregðast við breyttu umhverfi stærri fyrirtækja má ekki gleyma því að hennar var einnig þörf vegna þeirrar miklu rafrænu vinnslu persónuupplýsinga sem á sér stað hjá stjórnvöldum, sveitarfélögum, hefðbundnum fyrirtækjum og öðrum sem vinna persónuupplýsingar. Stjórnvöld vinna oft með okkar allra viðkvæmstu upplýsingar og vegna tæknibyltingarinnar hefur sjaldan verið mikilvægara fyrir þau að tryggja að grundvallarréttindi einstaklinga séu virt við vinnslu persónuupplýsinga.

### **Nettengd tæki**

Við þá umfangsmiklu samfélagsmiðlanotkun sem á sér stað á heimsvísu, og ekki síst á Íslandi, bætist sú tækni sem tengist Interneti allra hluta. Hér eru um að ræða síttengd snjalltæki sem ryðja sér til rúms í hverjum geira samfélagsins á fætur öðrum og kortleggja enn frekar athafnir okkar, hvort sem það felst í snjallborgum, fjarheilbrigðisþjónustu, fjarmenntun, drónum eða nettengdum leikföngum sem nema samtölin í svefnherberginu. Mörg þessara nettengdu tækja eru nær ekkert varin fyrir aðgangi annarra og heimilið okkar er þannig orðið undir, ef við t.d. fjarstýrum því, og hugum ekki að örygginu og verjum tækin fyrir aðgangi óviðkomandi, til dæmis með því að breyta lykilorðum. Íslenska netöryggisfyrirtækið Syndis komst nýlega að því að yfir 800 íslenskar vefmyndavélar væru opnar fyrir aðgangi utanaðkomandi aðila – margar hverjar staðsettar á íslenskum heimilum. Sérfræðingar hafa bent á að ekki sjái fyrir endann á þeirri þróun sem Internet allra hluta felur í sér og nettengd tæki eru ofarlega á lista yfir ógnir í tengslum við netárásir sem aukist hafa til muna í öllum okkar helstu nágrannalöndum.

Nauðsynlegt er að hafa það hugfast að útgangspunktur nýrrar persónuverndarlöggjafar er að fagna framþróun tækninnar, en tæknin verður að þjóna mannkyninu – ekki vinna gegn okkur. Margar tækniframfarir hafa mikla kosti en að sama skapi er ljóst að við þurfum að vera vel á varðbergi og tryggja að nægilegt öryggi sé til staðar í þeim tækninýjungum sem við notum, því fæstir vilja að upplýsingar um heilsufar, námserfiðleika, nú eða kynhegðun og lyfjanotkun séu aðgengilegar fyrir alþjóð.

### **Tímamótaráðstefna í Brussel**

Í lok október 2018 var 40. alþjóðaráðstefna persónuverndarforstjóra haldin í Brussel. Yfirskrift hennar var „*Debating ethics in a Data Driven World*“ – enda spurningar um siðferði sífellt meira krefjandi í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga. Tim Cook, forstjóri Apple, hélt tímamótaræðu á ráðstefnunni þar sem hann lýsti þeirri skoðun sinni að persónuupplýsingar hefðu verið nýttar sem vopn gegn okkur á Internetinu og nú væri mál að linnu. Hann margspurði ráðstefnugesti hvernig heimi þeir vildu lifa í. Á ráðstefnunni steig einnig fram einn þeirra sem átti þátt í að móta Netið eins og við þekkjum það í dag, Jaron Lanier, og viðurkenndi að hugsunin hefði verið röng hjá þeim sem stóðu að hönnun Netsins. Of mikil áhersla hefði verið lögð á að þjónustan væri ókeypis og Internetið hefði því verið sniðið að hagsmunum fyrirtækja sem vildu selja sína vöru. Fjármagnspörfin hefði því alfarið ráðið þar för og í engu hefði verið hugað að persónuvernd einstaklinga. Í umræðum kom svo meðal annars fram að megináhersla tæknimanna hefði lengi vel verið á að tækin virkuðu, en ekki þyrfti síður að huga að því hvernig tækin ynnu persónuupplýsingar. Kröfur nýju löggjafarinnar um að persónuvernd væri innbyggð og sjálfgefin, til dæmis í tölvukerfum, opnuðu nýja vídd sem taka þyrfti með í reikninginn við hönnun og þróun kerfa.

## Cambridge Analytica-hneykslið - Hvernig heimi viljum við lifa í?

Frá því að Cambridge Analytica-hneykslið komst upp hefur það verið fundarefni allra ráðstefna á sviði persónuverndar. Það fyrirtæki varð gjaldþrota vegna þess hvernig það vann persónuupplýsingar og breska persónuverndarstofnunin (ICO) lagði nýverið á Facebook hámarkssekt samkvæmt eldri persónuverndarlögum fyrir brot fyrirtækisins í samstarfi við Cambridge Analytica. Málið á uppruna sinn að rekja til þess að maður að nafni Aleksandr Kogan þróaði smáforrit, sem hægt var að sækja á Facebook, en forritið bauð notendum upp á að taka persónuleikapróf. Hann fékk 300 þúsund manns til að setja það upp hjá sér. Í gegnum forritið náði hann Facebook-upplýsingum frá bæði notendum forritsins og vinum þeirra. Þannig fékk hann aðgang að prófílum 87 milljóna einstaklinga, **án þess að þeir hefðu vitneskju um það!** Því hefur verið haldið fram að þessar sömu upplýsingar hafi verið notaðar til að reyna að hafa áhrif á val fólks í Brexit-atkvæðagreiðslunni í Bretlandi. Þann lærdóm má draga af þessu máli að lýðræðið er nú undir þegar kemur að vernd persónuupplýsinga og að sama skapi er ljóst að þau fyrirtæki sem hér hafa verið nefnd eru ekki einsdæmi á þessu sviði.

Þetta sýnir hversu grafalvarlegt mál vinnsla persónuupplýsinga getur verið. Þegar síðan bætist við sú staðreynd að næstum því heil þjóð, eða 9 af hverjum 10 fullorðnum Íslendingum, nota sama samfélagsmiðilinn, þá er auðvelt að sjá hversu mikið er undir hér.

Á sama tíma er Kína að innleiða félagslegt matskerfi (e. social credit system), sem lýsir sér í því að þeir sem deila ákveðnum upplýsingum úr lífi sínu – með hinu opinbera og öðrum – eru álitnir betri þjóðfélagsþegar. Á meðan lítur Suður-Afríka sem betur fer til Evrópu og nú er rætt á Bandaríkjaþingi um setningu alríkislöggjafar um persónuvernd að evrópskri fyrirmynd.

Vonandi er öllum ljóst að tæknileg framþróun verður að eiga sér stað á grundvelli mannglegrar reisnar, þar sem hugað er að siðferði og virðing borin fyrir grundvallarmannréttindum. Við eigum ekki að þurfa að deila öllum okkar almennu eða viðkvæmu persónuupplýsingum með stjórnvöldum eða fyrirtækjum til að geta átt gott líf. Við eigum hins vegar rétt á að vita hverjir vinna upplýsingar um okkur, hvenær og í hvaða tilgangi. Ný persónuverndarlöggjöf kemur hér til bjargar og henni fylgja gríðarleg tækifæri til betri vinnslu persónuupplýsinga.

## Flóðgáttir opnast – áherslur Persónuverndar

Almenn vitundarvakning Persónuverndar vegna nýrrar persónuverndarlöggjafar hófst formlega með opnu málþingi á Hótel Natura 30. september 2016. Málþingið sóttu um 300 manns og þar var dreift tveimur bæklingum frá Persónuvernd, annars vegar um aukin réttindi einstaklinga með nýrri löggjöf og hins vegar um skyldur fyrirtækja, hins opinbera og sveitarfélaga. Eftir þennan fund má segja að flóðgáttir hafi opnast hjá íslenskri þjóð sem þyrsti í frekari ráðgjöf á þessu sviði. Lýsti það sér í því að mörg hundruð beiðnir bárust Persónuvernd um kynningu og ráðgjöf. Þar sem Persónuvernd hafði yfir takmörkuðum mannafla að ráða þurfti að forgangsraða verkefnum og kynningarstarfi með eins skilvirkum hætti og frekast var unnt, enda gefur að skilja að ekki var mögulegt fyrir 7-8 starfsmenn að sinna svo mörgum beiðnum um sérsniðna ráðgjöf til handa fyrirtækjum og stjórnvöldum á þessu sviði. Úr varð að árið 2017 einkenndist umfram annað af áframhaldandi vitundarvakningu, þar sem starfsmenn Persónuverndar fluttu tugi fyrirlestra fyrir hagsmunafélög, heildarsamtök, landssamtök og fyrirtæki, auk þess sem breytingar á löggjöfinni

voru kynntar á fjölmörgum stórum ráðstefnum, svo sem UT-messunni, UT-degi Stjórnarráðsins og sérstökum persónuverndardegi Sambands íslenskra sveitarfélaga, svo nokkur dæmi séu nefnd.

*Ráðgjöf til ráðuneyta* fór þannig fram að Persónuvernd hélt heilsdagsnámskeið í janúar 2018 í samstarfi við Stjórnarráðsskólann, þar sem hvert ráðuneyti fékk fimm sæti og einungis þeir fengu inngöngu sem ábyrgð báru á innleiðingu nýrrar persónuverndarlöggjafar hjá hverju ráðuneyti. Sambærilegur háttur var hafður á fyrir *opinberar stofnanir*, en fyrir tilstuðlan Félags forstöðumanna ríkisstofnana, í samvinnu við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands, var í tvígang boðið upp á heilsdagsnámskeið, þar sem hver stofnun fékk fjögur sæti og einungis ábyrgðarmenn innleiðingar löggjafarinnar fengu inngöngu. Þessi námskeið voru haldin í desember 2017 og varð uppselt á það fyrsta á rétt um sólarhring.

Auk þessa beindi Persónuvernd áfram athygli sinni að skólasamfélaginu og hinn 9. nóvember 2017 var í samvinnu við Háskóla Íslands haldið málþing í Háskólabíói sem bar heitið *Persónuvernd í íslensku skólasamfélagi – frá leikskóla til háskóla*, þar sem skólasamfélagið var upplýst um nauðsyn þess að hugað væri að grunnreglum persónuverndar þegar kemur að vinnslu persónuupplýsinga um ólöggráða börn. Málþingið var vel sótt auk þess sem á annað hundrað fylgdust með beinu streymi frá þinginu.

Til annars málþings var boðað í janúar 2018, nú í samstarfi við Landspítala – háskólasjúkrahús, en yfirskrift þess var *Íslenskur heilbrigðisgeiri og persónuvernd – ábrif nýrrar löggjafar*. Á þriðja hundrað manns mættu á málþingið auk þess sem nokkur hundruð fylgdust með beinu streymi frá því. Ljóst er að óvída reynir meira á öryggi við meðhöndlun persónuupplýsinga en hjá þeim sem vinna með viðkvæmar heilbrigðisupplýsingar um landsmenn. Á slíkt enn frekar við þegar innleiddar eru tækninýjungar við vinnslu slíkra upplýsinga. Fyrir liggur að ábyrgð á vinnslu og öryggi heilbrigðisupplýsinga verður aldrei lögð á notendur heilbrigðisþjónustu, heldur liggur ábyrgðin hjá viðkomandi heilbrigðisstofnun eða fyrirtæki á hverjum tíma.

Auk alls framangreinds var Persónuvernd tekin út í alþjóðlegri Schengen-úttekt í mars 2017. Úttektin var krefjandi, en flestar athugasemdirnar sem gerðar voru lutu að því að stofnunin hefði ekki getað sinnt öllu því eftirliti sem alþjóðlegar skuldbindingar á þessu sviði krefjast. Ljóst er að þetta er eitt af þeim atriðum sem framtíðarfrármögnun Persónuverndar þarf að taka mið af.

Þá er ástæða til að fagna því sérstaklega að dómstólar landsins, í samvinnu við Dómstólasýsluna, tileinkuðu fyrstu árlegu ráðstefnu allra dómstóla landsins málefnum persónuverndar á vordögum 2018, þar sem forstjóri Persónuverndar, ásamt þremur helstu sérfræðingum stofnunarinnar, fór yfir grundvallaratriði á þessu sviði.

Í ágúst 2018 opnaði Persónuvernd nýja vefsíðu stofnunarinnar, þar sem allt efni hafði verið endurskrifað og yfirfarið með hliðsjón af nýrri löggjöf. Mikið kapp hefur verið lagt á að einfalda alla framsetningu efnis á síðunni svo almenningur allur geti haft gagn af í sínu dagsdaglega umhverfi, því það er jú kjarni nýrrar löggjafar að hér sé um að ræða raunveruleg réttindi sem máli skipta fyrir okkur hvert og eitt. Á vefsíðunni má nálgast umtalsverðan fróðleik um allt sem viðkemur nýju löggjöfni, auk þess sem þar er að finna margvíslegar leiðbeiningar Persónuverndar, upplýsingabæklinga og sniðmát, sem allt á að auðvelda þeim sem vinna með persónuupplýsingar að tileinka sér og vinna eftir nýrri löggjöf. Þar er einnig að finna úrskurði og

álit stofnunarinnar sem veita mikinn fróðleik um hvernig grundvallarreglum persónuréttar hefur verið beitt frá árinu 2000.

Nýskráðum málum árið 2017 fjölgaði enn frá fyrri árum og voru þau 1911 samanborið við 1856 mál árið 2016. Árið 2017 voru jafnframt til afgreiðslu 438 óafgreidd mál frá fyrri árum. Alls hafði stofnunin því til meðferðar 2.349 mál á árinu. Árið 2017 afgreiddi Persónuvernd 1.833 mál. Þrátt fyrir nær ómanneskjulegt viðvarandi álag á starfsmenn, nú í rúm tvö ár samfellt, var það mikið gleðiefni að starfsánægja væri með þeim hætti að Persónuvernd hefur verið útnefnd Stofnun ársins 2017 og aftur árið 2018.

Staðreyndin er sú að Persónuvernd hefur fengið í fangið eina umfangsmestu löggjöf sem komið hefur frá Evrópusambandinu í langan tíma – löggjöf sem felur í sér mestu breytingar sem orðið hafa á persónuverndarlöggjöfni í rúm 20 ár. Þetta verkefni hefur lagst á stofnunina af miklum þunga og falið í sér gríðarlegt álag þar sem gildissvið löggjafarinnar er í raun landið og miðin. Að sama skapi hefur hún hitt fyrir einstaklega samhentan hóp einstaklinga, sem telur að starf stofnunarinnar skipti máli og feli í sér að standa vörð um ein mikilvægustu réttindin sem við eigum sem manneskjur – persónuréttindin okkar og persónuupplýsingarnar – það sem gerir okkur að því sem við erum. Ný persónuverndarlöggjöf er hér kynnt sem bjargvættur – og sem tækifæri til betri vinnslu persónuupplýsinga á heimsvísu.

Desember 2018,

Helga Þórisdóttir

---

# Hlutverk Persónuverndar

---

Persónuvernd er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn og verður ákvörðunum hennar samkvæmt lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Markmið laganna er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

**Hlutverk Persónuverndar er að gæta hagsmuna almennings þannig að mannréttindi séu ekki brotin við meðferð persónuupplýsinga.** Persónuvernd var stofnuð með lögum nr. 77/2000. Lögin eru sett á grundvelli EES-gerðar um persónuvernd og er sams konar sjálfstæð stofnun starfandi í sérhverju hinna EES-ríkjanna. Í lögnum eru tiltekin helstu verkefni sem stofnuninni ber að sinna, sbr. 37. gr., en veigamest þeirra eru :

1. að annast *eftirlit* með því að farið sé að lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, og reglum settum samkvæmt þeim,
2. að *úrskurða* í ágreiningsmálum um vinnslu persónuupplýsinga,
3. að afgreiða *leyfisumsóknir*, taka við *tilkynningum* og mæla fyrir um *ráðstafanir* varðandi vinnslu persónuupplýsinga,
4. að fylgjast með *þróun persónuupplýsingaverndar* á innlendum og erlendum vettvangi, greina hvar persónuvernd er hætta búin og veita ráð um leiðir til lausnar,
5. að *leiðbeina* þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar, eða þróa kerfi fyrir slíka vinnslu, og
6. að *tjá sig* samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði um álitæfni um meðferð persónuupplýsinga og *veita umsagnir* við setningu laga og annarra reglna sem þýðingu hafa fyrir persónuvernd.

**Þá eru Persónuvernd falin verkefni og vísað til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga í á annað hundrað lagabálkum og stjórnvaldsreglum.**

Helstu þjónustubættir stofnunarinnar eru eftirfarandi (tölur eru miðaðar við árið 2017, sbr. ítarlegri umfjöllun í næsta kafla):

1. Fyrirspurnir, umsagnir og álit (641 – 33,5%)
2. Mál vegna tilkynninga (399 – 20,9%)
3. Mál vegna vísindarannsókna (368 – 19,3%)
4. Erlent samstarf (128 – 6,7%)
5. Kvartanir, kærur, úrskurðir (100 – 5,2%)
6. Annað (þ. á m. smíði stjórnvaldsreglna, kynningar, námskeið, fyrirlestrar, innri mál, frumkvæðismál, leyfisumsóknir, veitt leyfi og úttektarmál), (275 – 14,4%).

---

# Persónuvernd árið 2017

---

## Stjórn og starfsfólk á árinu 2017

**Stjórn Persónuverndar** var skipuð með eftirfarandi hætti: Formaður stjórnar var Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. Auk hennar sátu í stjórn stofnunarinnar Aðalsteinn E. Jónasson, hæstaréttarlögmaður og varaformaður stjórnar, Ólafur Garðarsson hæstaréttarlögmaður, Vilhelmina Haraldsdóttir læknir og Þorvarður Kári Ólafsson, gæða- og öryggisstjóri. Varamenn voru Kristín Edwald hæstaréttarlögmaður, Tryggvi Viggósson héraðsdómslögmaður, Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari, Haraldur Briem læknir og Jónas Sturla Sverrisson öryggisstjóri.


## Forstjóri Persónuverndar er Helga Þórisdóttir.

Skrifstofustjóri lögfrædisviðs árið 2017 var Þórður Sveinsson. Vigdís Eva Línalal tók við starfi skrifstofustjóra upplýsingaöryggis af Ölmú Tryggvadóttur í apríl 2017. Þá tók Svava Björg Kristjánsdóttir við starfi skrifstofustjóra rekstrar á síðari hluta ársins. Starfsmenn voru samtals sjö árið 2017.

Persónuvernd hefur skrifstofu að Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík. Símanúmer stofnunarinnar er 510-9600 og netfangið er [postur@personuvernd.is](mailto:postur@personuvernd.is). Á vefsíðu Persónuverndar, [personuvernd.is](http://personuvernd.is), er m.a. að finna allar helstu upplýsingar um stofnunina, eyðublöð fyrir kvartanir, leyfisumsóknir og fleira, lög og reglur um persónuvernd, ýmsar upplýsingar sem lúta að starfsemi Persónuverndar, auk ýmiss konar fróðleiks um persónuvernd og tengd málefni.

## Um starfið árið 2017

Skýrsla þessi, sem birt er samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000, er sautjándi ársskýrsla Persónuverndar.






Nýskráð mál á árinu 2017 voru samtals 1.911 talsins en á árinu voru jafnframt til afgreiðslu 438 óafgreidd erindi frá fyrri árum. Alls hafði stofnunin því til meðferðar 2.349 mál á árinu. Alls voru 1.833 mál afgreidd við árslok 2017. Árið 2016 bárust Persónuvernd alls 1.865 ný mál. Enn hefur því orðið aukning á milli ára, eða sem nemur 46 málum. Málafjöldi hjá Persónuvernd hefur rúmlega þrefaldast frá árinu 2002.

Á árinu 2017 bárust Persónuvernd 399 tilkynningar um vinnslu persónuupplýsinga. Eru þær allar birtar á heimasíðu stofnunarinnar. Eftirfarandi tafla sýnir tegundir nýskráðra mála 2017 og fjölda þeirra.

## Tegundir mála árið 2017

### Heildarfjöldi nýskráðra mála 1.911



## Um fjárreiður 2017

Fjárveitingar til Persónuverndar námu á fjárlögum 2017 samtals 114 milljónum króna, tekjufærsla frestaðra tekna nam 1,1 milljón og sértekjur ársins voru 0,6 milljónir. Samtals var því ársvelta stofnunarinnar 115,7 milljónir. Rekstrartap frá árinu 2016 nam 4,4 milljónum króna og uppsafnað tap var í heild 6,6 milljónir. Til ráðstöfunar á árinu voru því samtals 109,1 milljón króna en gjöld stofnunarinnar námu alls 111,3 milljónum króna. Rekstrarhagnaður ársins nam 4,4 milljónum króna en hrein eign í lok árs -2,2 milljónum. Í upphafi árs var greiðslustaða við ríkissjóð neikvæð um 1,2 milljónir króna en í lok árs neikvæð um 3,9 milljónir króna.

[Ríkisreikning fyrir árið 2017 má nálgast á vefsíðu Fjársýslu ríkisins.](#)



---

# Efst á baugi hjá Persónuvernd 2017

---

## Alþjóðlegi persónuverndardagurinn – 28. janúar 2017

Í tilefni af alþjóðlega persónuverndardeginum ritaði Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, grein um stöðu persónuverndarmála í miðri tæknibyltingu upplýsingasamfélagsins. Greinin birtist í Morgunblaðinu laugardaginn 28. janúar 2017, og hana má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).


## UT-messan 2017

Persónuvernd tók þátt í UT-messunni og flutti Alma Tryggvadóttir, skrifstofustjóri upplýsingaöryggis, fyrirlestur um gervigreind. Í fyrirlestrinum var einblínt á gervigreind og hvernig meginreglur persónuverndarlaga falla að notkun hennar. Þá var fjallað um hvaða áhrif gervigreind hefði á réttindi einstaklinga, meðal annars rétt þeirra til sanngjarnrar vinnslu persónuupplýsinga, fræðslu um meðferð upplýsinga sinna og réttinn til að þurfa ekki að sæta sjálfvirkri ákvörðunartöku. Lokst var tæpt á siðferðilegum álitafnum sem leiða af því að vinnsla persónuupplýsinga getur farið fram í nokkurs konar „svörtum kassa“ gervigreindar og hvort tilefni væri til að setja sérstakar siðareglur um samskipti manna og véla.

## Morgunverðarfundur um nýja persónuverndarlöggjöf 3. mars 2017

Þann 3. mars 2017 héldu Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála og Félag forstöðumanna ríkisstofnana, í samvinnu við innanríkisráðuneyti og Persónuvernd, morgunverðarfund á Grand hóteli um nýja persónuverndarlöggjöf. Á fundinn mættu um 150 manns og var hann því vel sóttur.

Fundarstjóri var Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri innanríkisráðuneytis, sem opnaði fundinn. Því næst flutti Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, erindi um þær breytingar sem nýja persónuverndarlöggjöfin kæmi til með hafa á starfsemi einkaaðila, og þá vitundarvakningu sem þyrfti að eiga sér stað.



F.v.: Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir, Hörður Helgi Helgason, Helga Þórisdóttir og Ragnhildur Hjaltadóttir.  
Mynd: Dómsmálaráðuneytið.


Hörður Helgi Helgason, lögmaður og fyrrverandi settur forstjóri Persónuverndar, flutti því næst erindi um þær leiðir sem væru færar til þess að uppfylla hinar nýju kröfur persónuverndarlöggjafarinnar. Þá flutti Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir, sendiráðunautur í utanríkisráðuneytinu, erindi um leið löggjafar Evrópusambandsins um persónuvernd í EES-samninginn.

## Persónuvernd í íslensku skólasamfélagi – frá leikskóla til háskóla

Þann 9. nóvember 2017 hélt Persónuvernd, í samstarfi við Háskóla Íslands, málþing í Háskólabíói sem bar yfirskriftina *Persónuvernd í íslensku skólasamfélagi - frá leikskóla til háskóla*.

Á málþinginu var ítarlega fjallað um nýja Evrópulöggjöf um persónuvernd og áhrif hennar á skólasamfélagið auk þess sem farið var yfir þær reglur sem gilda um vinnslu persónuupplýsinga í skólastarfi og í vísinda- og rannsóknarstarfi.

Sigríður Andersen dómsmálaráðherra opnaði málþingið. Því næst fjallaði Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, almennt um persónuvernd í íslensku skólasamfélagi, og Vigdís Eva Líndal, skrifstofustjóri upplýsingaöryggis hjá Persónuvernd, fjallaði um áhrif nýrrar persónuverndarlöggjafar á skólastarf. Þórður Sveinsson, skrifstofustjóri lögfræðisviðs Persónuverndar, fjallaði um vinnslu persónuupplýsinga í vísinda- og rannsóknarstarfi, og að lokum veitti Hörður Helgi Helgason, lögmaður á Landslögum og fyrrverandi settur forstjóri Persónuverndar, viðstöddum raunhæf ráð í tengslum við innleiðingu nýrrar persónuverndarlöggjafar. Í framhaldi af erindunum gafst fundargestum færi á að spyrja spurninga.



Upptöku af málþinginu og glærुकynningar fyrirlesara má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

## Persónuvernd er Stofnun ársins 2017

Niðurstöður úr könnuninni Stofnun ársins 2017 voru kynntar við hátíðlega athöfn þann 10. maí á Hilton Reykjavík Nordica. Um er að ræða árlega starfsánægjukönnun sem gerð er á vegum SFR stéttarfélags í almannaþjónustu og fjármála-ráðuneytisins. Könnunin nær til yfir 200 stofnana og er þeim skipt í flokka eftir stærð.

Persónuvernd var sigurvegari í flokki lítilla stofnana (færri en 20 manns) með heildareinkunnina 4,716 af 5. Meðaltal heildareinkunna var 3,97.



Forstjóri og starfsmenn Persónuverndar

Níu þættir eru mældir í könnuninni og er mest vægi gefið stjórnun, jafnrétti, starfsanda og vinnuskilyrðum.

## Vinnsla persónuupplýsinga hjá Hæstarétti og héraðsdómstólunum

Persónuvernd tók á árinu 2017 til skoðunar tvær kvartanir vegna birtingar persónuupplýsinga á vefsíðum dómstólanna. Annars vegar úrskurðaði Persónuvernd að vinnsla Hæstaréttar Íslands á persónuupplýsingum við birtingu dóms á heimasíðu réttarins hefði ekki samrýmst ákvæðum laga

nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, sem í gildi voru þegar dómurinn var birtur. Þá samrýmdist áframhaldandi netbirting umræddra upplýsinga ekki ákvæðum laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Hins vegar úrskurðaði Persónuvernd að vinnsla Héraðsdóms Reykjaness og Héraðsdóms Reykjavíkur á persónuupplýsingum við birtingu tveggja dóma hefði ekki samrýmst lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

## **Persónuverndardagur Sambands íslenskra sveitarfélaga 1. desember 2017**

Þann 1. desember 2017 stóð Samband íslenskra sveitarfélaga, í samstarfi við Persónuvernd, að ráðstefnu um persónuvernd á Grand Hótel Reykjavík. Á ráðstefnuninni voru flutt fjölmörg erindi um persónuvernd og hvernig tryggja mætti farsæla innleiðingu nýrrar persónuverndarlöggjöfar á Íslandi. Þeir sem héldu erindi á ráðstefnunni voru meðal annars Vigdís Eva Líndal, skrifstofustjóri hjá Persónuvernd, Hörður Helgi Helgason, lögmaður á Landslögum, og Telma Halldórsdóttir, lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Uppselt var á ráðstefnuna auk þess sem fjöldi manns fylgdist með alls staðar á landinu í gegnum streymi.

## **Fræðsludagar um nýja persónuverndarlöggjöf fyrir opinberar stofnanir**

Dagana 6. og 13. desember héldu Persónuvernd og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands, í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana og dómismálaráðuneyti, námskeið um nýja persónuverndarlöggjöf fyrir starfsmenn opinberra stofnana. Uppselt var á báða dagana. Berglind Bára Sigurjónsdóttir, skrifstofustjóri hjá dómismálaráðuneytinu, opnaði námskeiðið en í kjölfarið hélt Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, erindi um markmið nýju löggjöfarinnar, gildissvið og helstu skilgreiningar.

Vigdís Eva Líndal, skrifstofustjóri upplýsingaöryggis hjá Persónuvernd, fór yfir heimildir til vinnslu persónuupplýsinga, meginreglur löggjafarinnar og helstu réttindi einstaklinga. Hörður Helgi Helgason, lögmaður og fyrrverandi settur forstjóri Persónuverndar, veitti raunhæf ráð við innleiðingu persónuverndarreglugerðarinnar, og þá hélt Inga Helga Sveinsdóttir, lögfræðingur hjá Þjóðskrá Íslands, erindi um reynslu stofnunarinnar af innleiðingu reglugerðarinnar.

Í lok námskeiðsins bauðst þátttakendum færi á að vinna saman í hóp og leysa raunhæf verkefni um efnisreglur nýju löggjafarinnar og skyldur ábyrgðaraðila.

## **Útboð vegna rekstrar og hýsingar málaskrárkerfis Persónuverndar**

Á árinu 2017 hófst undirbúningur útboðs vegna rekstrar og hýsingar málaskrárkerfis Persónuverndar. Málaskrárkerfi stofnunarinnar er komið til ára sinna og orðið brýnt að endurnýja það. Þá lá fyrir að Þjóðskrá Íslands, sem hefur hýst málaskrárkerfi Persónuverndar, hugðist ekki bjóða slíka þjónustu áfram.

## **Nettengdir bangsar leka persónuupplýsingum um 800 notendur**

Persónuvernd vakti athygli á því á árinu að huga þyrfti að öryggi og persónuvernd við kaup og notkun á gagnvirkum og nettengdum leikföngum. Hvatti stofnunin neytendur til að vera meðvitada um þær ábættur sem fylgja nettengdum leikföngum. Var vakin athygli á því að utanáðkomandi aðilar gætu í mörgum tilvikum náð stjórn á leikföngunum og hlustað á eða átt í samskiptum við börn sem léku sér með þau.

Tilfni þess að Persónuvernd vakti athygli á málinu var fréttáflutningur í erlendum fjölmiðlum, þess efnis að persónuupplýsingar meira en 800 þúsund notenda CloudPets hefðu verið geymdar í óvörðum gagnagrunni sem var aðgengilegur á Netinu, en CloudPets eru nettengdir bangsar sem eru tengdir við smáforrit sem hægt er að hlada niður í snjallsíma. Bangsarnir geta bæði tekið upp skilaboð frá börnum og sent í snjallsíma, og móttakið hljóðupptökur úr snjallsíma og spilað þær fyrir börnin, en þeir eru m.a. markaðssettir sem tæki til að gera börnum kleift að eiga samskipti við foreldra eða aðra ættingja sem eru sjarstaddir.

Öryggisbresturinn varð til þess að óprúttir aðilar höfðu aðgang að gagnagrunninum frá 25. desember 2016 til 13. janúar 2017. Þar með gátu þeir nálgast upplýsingar um notendur smáforritsins, þar á meðal upplýsingar um netföng og lykilorð. Þá var tiltölulega einfalt að nálgast notendamyndir og hljóðupptökur, sem sendar höfðu verið með aðstoð leikfanganna, með því að nota upplýsingar úr gagnagrunninum. Samkvæmt því sem fram kom í fjölmiðlum var gagnagrunnurinn tekinn í gíslingu af tölvuþrjótum og lausnargjalds krafist. Því er ljóst að persónuupplýsingum notenda var stolið. Notendum smáforritsins og foreldrum barna sem áttu CloudPets-leikföng var ekki tilkynnt um öryggisbrestinn.

Öryggi leikfanganna sjálfra reyndist einnig ótryggt og hætta var á að utanáðkomandi aðilar gætu náð stjórn á þeim. Einstaklingur með snjallsíma gat tengst CloudPets-leikfanginu og bæði sent og móttakið gögn og skilaboð frá því, að því gefnu að hann væri staddur í minna en 10 metra fjarlægð frá því. Þannig var mögulegt að óviðkomandi einstaklingar gætu sent skilaboð í leikfangið sem það síðan spilaði fyrir barnið, sett upptöku af stað án þess að viðstaddir yrðu þess varir, og hladað niður hljóðskráum sem leikfangið hafði tekið upp.

Framangreindir öryggisbrestir í CloudPets-leikföngunum og smáforritinu eru því miður ekki einsdæmi, en reglulega berast fréttir af slíkum öryggisbrestum sem uppgötvast hafa í nettengdum og/eda gagnvirkum leikföngum. Persónuvernd hvetur því foreldra og aðra til þess að vera meðvitadur um öryggi þeirra persónuupplýsinga sem sendar eru yfir Netið eða vistadar á Netinu í gegnum leikföng.

---

# Umfjöllun um ýmis mál Persónuverndar

---

Hér að neðan er gerð grein fyrir ýmsum málum sem Persónuvernd fjallaði um á árinu 2017. Fyrst er gerð grein fyrir umsögnum til Alþingis um þingmál, næst er fjallað um þau leyfi sem veitt voru á árinu og að lokum er gerð grein fyrir úrskurðum, ákvörðunum og álitum stjórnar Persónuverndar 2017.

## Umsagnir til Alþingis um þingmál

Persónuvernd veitti 33 umsagnir um lagafrumvörp árið 2017, sem sendar voru þingnefndum Alþingis samkvæmt beiðni þar um eða að frumkvæði Persónuverndar.

## Úttektir

Á árinu 2017 vann Persónuvernd að úttekt á öryggi persónuupplýsinga í hinum íslenska hluta Schengen-upplýsingakerfisins, sem boðuð hafði verið hjá ríkislögreglustjóra árið 2016.

## Veitt leyfi 2017

### *Starfsleyfi Creditinfo Lánstrausts hf.*

Persónuvernd gaf út nýtt [starfsleyfi](#), dags. 28. febrúar 2017, til handa Creditinfo Lánstrausti hf. til vinnslu fjárhagsupplýsinga um einstaklinga. Leyfið gildi til 31. desember s.á. Í fylgiskjali með leyfinu var gerð grein fyrir breytingum frá fyrri leyfum. Hinn 29. desember 2017 var [leyfið endurnýjað](#) með gildistíma frá 1. janúar til 31. desember 2018.

### *Önnur leyfi vegna rannsóknarverkefna*

Veitt voru eftirtalin leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarverkefna. Leyfin eru birt í þeirri röð sem þau voru gefin út í.

**2016/1393** – Embætti ríkislögreglustjóra var veitt leyfi til að veita Auði Þóru Árnadóttur aðgang að lögregluskýrslum um umferðarslys sem orðið hafa á þjóðvegum í dreifbýli á tímabilinu 2010-2017 í þágu rannsóknarinnar „Umferðarslys erlendra ferðamanna á Íslandi - orsakir og afleiðingar“.

**2016/1149** – Innanríkisráðuneytinu var veitt leyfi til að veita Ólafi Agli Jónssyni aðgang að úrskurðum hjá ráðuneytinu um agabrot fanga, vegna kennslu á meistarastigi við lagadeild Háskóla Íslands. Ólafi Agli Jónssyni var jafnframt veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga sem hann fær aðgang að hjá innanríkisráðuneytingu vegna kennslu við námskeiðið „Viðurlög og viðurlagapólitík“ á meistarastigi við lagadeild Háskóla Íslands.

**2017/166** – Útlendingastofnun, innanríkisráðuneytinu og Kærunefnd útlendingamála var veitt leyfi til að heimila Esteri Ingu Sveinsdóttur, laganema, aðgang að upplýsingum úr ákvörðunum og úrskurðum þar sem reynt hefur á umsókn um dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar, sbr. 13. gr. laga nr. 96/2002 um útlendinga vegna rannsóknarinnar „Dvalarleyfi maka skv. lögum um útlendinga



nr. 96/2002“. Ester Ingu Sveinsdóttur var jafnframt veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga frá fyrrgreindum stofnunum í þágu rannsóknarinnar.

**2017/171** – Þjóðskjalasafni Íslands var veitt leyfi til að heimila Báru Baldursdóttur aðgang að gögnum annars vegar um samskipti breskra og bandarískra hermanna og hins vegar íslenskra stúlkna og kvenna á árunum 1940-1945, þ.e. gögnum frá Ungmennaeftirliti lögreglunnar, Vinnuheimilinu að Kleppjárnsreykjum í Borgarfirði, Barnaverndarráði Íslands, Landlæknisembættinu, lögregluþvöllum, ráðuneytinum og Sakadómi Reykjavíkur vegna rannsóknarinnar „Afskipti af samskiptum íslenskra kvenna og hermanna í síðari heimsstyrjöld“. Báru Baldursdóttur var jafnframt veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í umræddum skjölum í þágu rannsóknarinnar.

**2017/214** – Innanríkisráðuneytinu var veitt leyfi til að miðla til Helga Bjarts Þorvarðarsonar upplýsingum og úrskurðum er varða rétt barns til umgengni við nána vandamenn eða aðra þá sem því eru nákomnir í þeim tilvikum þar sem foreldri er látið eða því er ókleift að rækja umgengnisskyldur sínar við barn, vegna rannsóknarinnar „Réttarstaða barna sem misst hafa foreldra sína, annaðhvort báða eða annað þeirra“. Helga Bjarti Þorvarðarsyni var jafnframt veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar.

**2017/227** – Fangelsismálastofnun var veitt leyfi til að veita Önnu Kristínu Newton, sálfræðingi hjá Fangelsismálastofnun og Ingibjörgu Johnson, Cand. psych.-nema við Háskóla Íslands, aðgang að upplýsingum úr málaskrá Fangelsismálastofnunar um karlmenn sem dæmdir hafa verið fyrir kynferðisbrot gegn barni/börnum á tímabilinu 1995-2016 í þágu rannsóknarinnar „Áhættumat á dæmdum einstaklingum sem hafa brotið kynferðislega gegn börnum“. Önnu Kristínu Newton og Ingibjörgu Johnson var jafnframt veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar.

**2017/276** – Innanríkisráðuneytinu, Kærufnd útlendingamála og Útlendingastofnun var veitt leyfi til að veita Áslaugu Björk Ingólfsdóttur aðgang að úrlausnum í hælismálum og fjölda umsókna um gjafsókn og niðurstöður í þeim málum vegna rannsóknarinnar „Aðgangur hælisleitenda að dómstólum/réttlát málsmeðferð“. Rauða krossinum á Íslandi var veitt leyfi til að veita Áslaugu Björk Ingólfsdóttur aðgang að úrlausnum í hælismálum og fjölda umsókna um gjafsókn og niðurstöður í þeim málum í þágu rannsóknarinnar. Áslaugu Björk Ingólfsdóttur var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga sem hún fær aðgang að hjá innanríkisráðuneytinu, Kærufnd útlendingamála, Útlendingastofnun og Rauða krossinum á Íslandi í þágu rannsóknarinnar

**2017/464** – Útlendingastofnun, Kærufnd útlendingamála og Rauða krossinum var veitt leyfi til að veita Albert Birni Lúðvígssyni aðgang að upplýsingum úr ákvörðunum og úrskurðum í Dyflinnar- og efnismeðferðarmálum á tímabilinu 2015-2017, samþykktum aðildarríkja Dyflinnarreglugerðarinnar fyrir endurviðtöku fyrir árin 2015 til 2017 hjá Útlendingastofnun, auk greinargerða talsmanna hælisleitenda hjá Rauða krossinum á Íslandi í umræddum málum. Alberti Birni Lúðvígssyni var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga sem hann fær hjá Útlendingastofnun, Kærufnd útlendingamála og Rauða krossinum í þágu rannsóknarinnar.

**2017/658** – Þjóðskjalasafni Íslands var veitt leyfi til að veita Arngrími Þór Gunnhallssyni, auk Guðmundar Jónssonar prófessors, leiðbeinanda hans, aðgang að gögnum sem hafa að geyma upplýsingar varðandi verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli 1946-2006 og sem lúta jafnframt að einkamálefnum einstaklinga, sem og gögnum sem hafa að geyma upplýsingar um óskyld málefni viðkvæms eðlis en einnig upplýsingar um umrædda verktakastarfsemi, í þágu verkefnisins „MARitgerð: Saga Sameinaðra verktaka“. Arngrími Þór Gunnhallssyni og Guðmundi Jónssyni var

jafnframt veitt leyfi til meðhöndlundar þeirra gagna sem fyrr greinir í því skyni að skrá upplýsingar varðandi umrædda verktakastarfsemi í þágu verkefnisins.

**2017/662** – Borgarskjalasafni var veitt leyfi til að veita Agnesi Jónasdóttur, auk Ragnheiðar Jónsdóttur dósents, leiðbeinanda hennar, aðgang að skjölum Barnaverndar Reykjavíkur frá árunum 1942-1943 í skjalaflokkunum *einstaklingsmál* og *heimiliseftirlit* hjá Barnavernd Reykjavíkur ásamt fundargerðum Barnaverndar frá árunum 1942 og 1943, sem og færi á að skoða frekar einstök mál, sem um ræðir í fyrrgreindum gögnum, í öllum viðeigandi skjalaflokkum, í þágu MA-rannsóknar í sagnfræði. Agnesi Jónasdóttur og Ragnheiði Jónsdóttur var jafnframt veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í umræddum skjölum í þágu rannsóknarinnar.

**2017/977** – Velferðasviði Reykjavíkurborgar var veitt leyfi til að heimila Guðbjörgu Ottósdóttur, lektor við félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands, og Svani Heiðari Haukssyni, nema við sömu deild, aðgang að gögnum hjá sviðinu um Pólverja sem koma í gistiskýli fyrir utangarðsmenn í þágu rannsóknarinnar „Hvaða þættir gera það að verkum að Pólverjar nýta hátt hlutfall gistinátta í gistiskýli fyrir utangarðsmenn?“ Guðbjörgu Ottósdóttur og Svani Heiðari Haukssyni var jafnframt veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga frá velferðasviði Reykjavíkurborgar í þágu rannsóknarinnar.

**2017/1030** – Velferðasviði Reykjavíkurborgar var veitt leyfi til að miðla upplýsingum úr málaskrá velferðasviðs Reykjavíkurborgar, þ.e. úr umsóknum einstaklinga í unglingsmiðjur þess í Keilufelli og Borgartúni, til Unnar Ingólfisdóttur og Elínborgar Huldu Gunnarsdóttur í þágu rannsóknarinnar „Unglingasmiðjurnar Stígur og Tröð“. Unni Ingólfisdóttur og Elínborgu Huldu Gunnarsdóttur var jafnframt veitt leyfi til vinnslu upplýsinga úr málaskrá velferðasviðs Reykjavíkurborgar í þágu rannsóknarinnar.

**2017/1128** – Embætti ríkislögreglustjóra var veitt heimild til að veita Rakel Kristinsdóttur aðgang að upplýsingum hjá embættinu vegna rannsóknarinnar „The Self-Administered Interview - Road Traffic Collisions: A field trial with the Icelandic Police.“ Rakel Kristinsdóttur var jafnframt veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga sem hún fær aðgang að hjá Ríkislögreglustjóra vegna rannsóknarinnar.

**2017/1206** – Velferðasviði Reykjavíkurborgar var veitt heimild til að veita Elínu Gestsdóttur, nema við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, og Gyðu Hjartardóttur, leiðbeinanda hennar, aðgang að gögnum hjá sviðinu um karlmenn á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði í þágu rannsóknarinnar „Karlmennt á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði. Bakgrunnur þeirra og ástæður þess að þeir eru á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði.“ Elínu Gestsdóttur og Gyðu Hjartardóttur var jafnframt veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar.

**2017/1269** – Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu var veitt leyfi til að veita Sólveigu Björgu Arnarsdóttur og Freydísi Jónu Freysteinsdóttur, leiðbeinanda hennar, aðgang að upplýsingum úr málum í málaskrá sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu frá árinu 2016, þar sem umgengnistálmun var beitt, í þágu rannsóknarinnar „Hvaða ástæður liggja að baki þegar umgengnistálmun er beitt?“. Sólveigu Björgu Arnarsdóttur og Freydísi Jónu Freysteinsdóttur var jafnframt veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga úr málaskrá sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu í þágu rannsóknarinnar.

## Úrskurðir, álit og ákvarðanir stjórnar Persónuverndar 2017

### **1. Úrskurður um vinnslu persónuupplýsinga hjá Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni – mál nr. 2015/1549**

Persónuvernd úrskurðaði um að skoðun og miðlun Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar á skjáskotum af tölvupósti kvartanda til lögreglu hefði samrýmst ákvæðum laga nr. 77/2000. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

### **2. Ákvörðun um rekjanleika vinnsluáðgerða hjá DV – mál nr. 2014/1631**

Persónuvernd tók ákvörðun vegna eftirfylgni úrskurðar, dags. 25. ágúst 2015, um meðferð DV á tölvupósti tiltekinna starfsmanna í kjölfar starfsloka þeirra. Niðurstaða stofnunarinnar var að rekjanleiki vinnsluáðgerða hefði ekki verið nægilega tryggður við eyðingu tölvupóstfanga fyrirverandi starfsmanna DV í september 2014. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

### **3. Ákvörðun vegna skimunar fyrir depurð og kvíða á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar – mál nr. 2015/1667**

Persónuvernd tók ákvörðun í frumkvæðismáli þar sem fjallað var um vinnslu persónuupplýsinga um börn án upplýsts samþykkis foreldra, í tengslum við skimun og athugun á depurð og kvíða meðal grunnskólabarna í Reykjavík. Persónuvernd taldi að þær upplýsingar sem söfnuðust við skimunina teldust til sjúkraskrárupplýsinga og að meðferð þeirra, þar með talið öryggi upplýsinganna, skyldi samrýmast lögum nr. 55/2009 um sjúkraskrár. Á meðan skilyrði þeirra laga væru ekki uppfyllt fæli vinnslan í sér öryggisbrest sem samrýmdist ekki 11. gr. laga nr. 77/2000. Var lagt fyrir velferðarsvið Reykjavíkurborgar að senda Persónuvernd lýsingu á því hvernig öryggi persónuupplýsinga sem safnast við skimunina yrði tryggt framvegis. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

### **4. Úrskurður um miðlun persónuupplýsinga frá grunnskóla – mál nr. 2015/1687**

Persónuvernd úrskurðaði um miðlun persónuupplýsinga um dóttur kvartanda frá grunnskóla til tiltekinna einstaklinga annars vegar og til mennta- og menningarmálaráðuneytisins hins vegar. Orð stóð gegn orði um það hvort persónuupplýsingum hefði verið miðlað til fyrrnefndra einstaklinga og gat Persónuvernd ekki skorið úr um það. Miðlun til mennta- og menningarmálaráðuneytisins var hins vegar í samræmi við lög nr. 77/2000. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

### **5. Úrskurður um miðlun Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum til sálfræðistofu – mál nr. 2016/290**

Persónuvernd úrskurðaði að miðlun persónuupplýsinga um kvartanda frá Reykjavíkurborg til Lífs og sálar sálfræðistofu ehf. og eftirfarandi vinnsla sálfræðistofunnar hefði verið í samræmi við lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Fræðsla Reykjavíkurborgar til kvartanda samrýmdist hins vegar ekki ákvæðum laga nr. 77/2000. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

### **6. Úrskurður um miðlun persónuupplýsinga frá Lágafellssókn – mál nr. 2016/425**

Persónuvernd úrskurðaði að miðlun framkvæmdastjóra og sóknarprests Lágafellssóknar á tölvupóstum, sem þeim höfðu borist frá kvartanda, hefði ekki samrýmst 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).



**7. Úrskurður vegna vinnslu persónuupplýsinga hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts – mál nr. 2016/766**

Persónuvernd úrskurðaði að vinnsla persónuupplýsinga um kvartanda hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts hefði samrýmst lögum nr. 77/2000. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**8. Úrskurður um aðgang að aðgerðaskráningu hjá Valitor – mál nr. 2016/835**

Persónuvernd úrskurðaði að Valitor væri ekki skylt að afhenda kvartanda upplýsingar um hvaða starfsmenn hefðu flett honum upp í tölvukerfi fyrirtækisins. Hins vegar hefði aðgerðaskráning og varðveisla færslna í slíkri skráningu ekki verið í samræmi við starfsreglur félagsins og 11. gr. laga nr. 77/2000. Var lagt fyrir Valitor að senda Persónuvernd staðfestingu á því að tekinn hefði verið upp ársvarðveislutími aðgerðaskráninga og uppfærða öryggishandbók fyrir 1. maí 2017. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**9. Úrskurður um upplýsingaskyldu Sjúkratrygginga Íslands – mál nr. 2016/847**

Persónuvernd úrskurðaði að Sjúkratryggingar Íslands hefðu ekki uppfyllt upplýsingaskyldu sína skv. 18. gr. laga nr. 77/2000 þegar kvartandi óskaði eftir upplýsingum um börn sem hann fór með forræði yfir. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**10. Úrskurður um gerð lánshæfismats og skráningu á vanskilaskrá hjá Creditinfo Lánstrausti hf. – mál nr. 2016/950**

Persónuvernd úrskurðaði að vinnsla Creditinfo Lánstrausts hf. á persónuupplýsingum um kvartanda í tengslum við gerð lánshæfismats og skráningu hans á vanskilaskrá hefði verið í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**11. Úrskurður um uppflettingu í sjúkraskrá á Landspítalanum – mál nr. 2016/954**

Persónuvernd úrskurðaði að meðferð sjúkraskrár kvartanda á Landspítalanum hefði verið í samræmi við lög nr. 77/2000. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**12. Ákvörðun um aðgang að persónuupplýsingum um fanga í skráningarkerfi Fangelsismálastofnunar og fangelsa – mál nr. 2016/1049**

Persónuvernd tók ákvörðun um að afmörkun aðgangs að persónuupplýsingum um fanga í skráningarkerfi Fangelsismálastofnunar og fangelsa samrýmdist ákvæðum laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Hins vegar hafi núverandi fyrirkomulag aðgerðaskráningar og innra eftirlits með uppflettingum í skráningarkerfinu ekki samrýmst lögum nr. 77/2000. Lagt var fyrir Fangelsismálastofnun að upplýsa Persónuvernd um það hvenær hverjum og einum starfsmanni yrði fenginn séraðgangur að kerfinu og aðgangsorð, auk þess að senda Persónuvernd skriflega lýsingu á því hvernig eftirliti með aðgangi starfsmanna fangelsanna að upplýsingum í kerfinu yrði háttað. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**13. Úrskurður um birtingu upplýsinga á vef Alþingis – mál nr. 2016/1133**

Persónuvernd úrskurðaði í máli manns sem kvartaði yfir því að upplýsingar um hann hefðu verið birtar á vef Alþingis þegar hann sendi inn umsögn um þingsmál. Um var að ræða upplýsingar sem kvartandi hafði sjálfur gefið upp í umsögn sinni til þingsins. Persónuvernd taldi að birting Alþingis á upplýsingunum hefði verið í samræmi við persónuverndarlög. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**14. Úrskurður um vinnslu vegna skýrslna Creditinfo Lánstrausts hf. um lánshæfismat - mál nr. 2016/1138**

Persónuvernd úrskurðaði að Creditinfo Lánstrausti hf. hefði verið heimilt að nýta upplýsingar úr skattskrá, sem og um að kvartandi hefði verið á skrá fyrirtækisins um vanskil einstaklinga, í þágu gerðar skýrslu um lánshæfi hans. Samkvæmt úrskurðinum var hins vegar óheimilt að notast við upplýsingar um uppflettingar í vanskilaskránni í sama skyni. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**15. Úrskurður um birtingu ljósmyndar af einstaklingi og bifreið hennar í auglýsingu N1 – mál nr. 2016/1187**

Persónuvernd úrskurðaði að birting N1 hf. á ljósmynd af einstaklingi og bifreið hennar í auglýsingu hefði ekki samrýmst ákvæðum laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**16. Úrskurður um markaðssetningarsímtöl 365 miðla hf. – mál nr. 2016/1212**

Persónuvernd úrskurðaði að 365 miðlum hf. hefði verið óheimilt að hafa samband við kvartanda til að bjóða honum áskrift að tiltekinni sjónvarpsrás þar sem kvartandi hefði verið skráður á bannskrá Þjóðskrár Íslands. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**17. Ákvörðun um vinnslu persónuupplýsinga í þágu eftirlits hjá Ikea – mál nr. 2016/1214**

Persónuvernd tók ákvörðun í frumkvæðismáli þar sem fjallað var um vinnslu persónuupplýsinga í þágu eftirlits Ikea með þeim sem sækja verslun fyrirtækisins. Komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að rafræn vöktun Ikea utan lóðamarka fyrirtækisins, sérstök vöktun og skráning á bílnúmerum og skráning Ikea á upplýsingum um einstaklinga á lista yfir þá sem fyrirtækið teldi óaskilega í versluninni samrýmst ekki lögum nr. 77/2000. Ekki voru hins vegar gerðar athugasemdir við rafræna vöktun með eftirlitsmyndavélum í verslunarhúsnæði Ikea, vinnslu persónuupplýsinga vegna láns á kerrum til viðskiptavina og vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við skráningu á óskalista á vefsíðu fyrirtækisins. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**18. Úrskurður um vinnslu Heklu hf. á upplýsingum um viðgerðarstöðu bifreiðar – mál nr. 2016/1262**

Persónuvernd úrskurðaði um að Hekla hf. hefði haft lögmæta hagsmuni af því að fletta upp skráningarnúmeri bifreiðar og hafa samband við Krók bílauppboð hf. til að leiðrétta þær upplýsingar sem eigandi hafði gefið. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**19. Úrskurður um rafræna vöktun í fjöleignarhúsi – mál nr. 2016/1317**

Persónuvernd úrskurðaði að rafræn vöktun á vegum húsfélags í fjöleignarhúsi, í kjölfar fjölgunar eftirlitsmyndavéla í sameign hússins á árinu 2016, hefði ekki samrýmst lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**20. Úrskurður um vinnslu persónuupplýsinga í kosningakerfi Pírata – mál nr. 2016/1354**

Persónuvernd úrskurðaði að vinnsla persónuupplýsinga í kosningakerfi Pírata hafi samrýmst lögum nr. 77/2000 að því undanskildu að fræðsla um vinnsluna fullnægði ekki kröfum 20. gr. laganna. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**21. Ákvörðun um frávísun máls vegna ritdóms í Viðskiptablaðinu – mál nr. 2016/1366**

Persónuvernd vísaði frá kvörtun vegna birtingar á ritdómi í Viðskiptablaðinu og tengingar þess við leitarvél Google. Að mati Persónuverndar hefði efnisleg úrlausn stofnunarinnar lotið að því hvort með tiltekinni tjáningu hefði verið farið út fyrir ramma stjórnarskrárvarins tjáningarfrelsis. Af þeim ástæðum var málinu vísað frá. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**22. Úrskurður um meðferð Seafood Trading á tölvupósthólfí eftir starfslok – mál nr. 2016/1368**

Persónuvernd úrskurðaði að umsýsla Seafood Trading á tölvupósthólfí kvartanda hefði ekki samrýmt 9. gr. reglna nr. 837/2006, um rafræna vöktun. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**23. Úrskurður um skoðun og framsendingu yfirmanns hjá Ráðagóðum ehf. á einkatölvupósti starfsmanns – mál nr. 2016/1391**

Persónuvernd úrskurðaði að skoðun og framsending yfirmanns hjá fyrirtækinu Ráðagóðum ehf. á einkatölvupósti starfsmanns í pósthólf sitt hefði ekki samrýmt ákvæðum ákvæðum laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**24. Úrskurður um netbirtingu sálfræðings á persónuupplýsingum – mál nr. 2016/1392**

Persónuvernd úrskurðaði að netbirting sálfræðings á spurningalistum með upplýsingum um heilsuhagi á vefsíðu sinni hefði ekki samrýmt lögum nr. 77/2000. Þá samrýmdist netbirting hans á skýrslum fyrir dómi, skiptayfirlýsingu og erfðaskrár ekki lögum nr. 77/2000. Með vísan til 1. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000 lagði Persónuvernd fyrir ábyrgðaraðila að senda stofnuninni staðfestingu að þau gögn sem birt voru án heimildar hefðu verið fjarlægð af vefsíðu hans innan tiltekins frests, að viðlögðum dagsektum. Þeim þætti málsins sem sneri að birtingu tveggja greina á vefsíðu sálfræðingsins var vísað frá. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**25. Úrskurður um skráningu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar vegna umsóknar um sérstakar húsaleigubætur – mál nr. 2016/1433**

Persónuvernd úrskurðaði að skráning velferðarsviðs Reykjavíkurborgar á upplýsingum í tengslum við umsókn um húsaleigubætur hefði samrýmt lögum nr. 77/2000, að frátöldum upplýsingum um að kvartandi hefði farið í áfengismeðferð. Notkun þeirra upplýsinga var bönnuð og mælt fyrir um sérstakar aðgangstakmarkanir á þeim. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**26. Álit vegna skráningar og vinnslu Rauða kross Íslands á persónuupplýsingum í tengslum við mansal á Íslandi – mál nr. 2016/1492**

Persónuvernd veitti álit á ályktun Rauða kross Íslands um skráningu og vinnslu persónuupplýsinga vegna mansals á Íslandi. Í álitinu kom fram að vinnsla Rauða kross Íslands á persónuupplýsingum um gerendur og þolendur mansals gæti stuðst við samþykki hins skráða, auk 6. og 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 7. tölul. 9. gr. laga nr. 77/2000. Þá var einnig fjallað um upplýsingarétt hins skráða og fræðsluskyldu ábyrgðaraðila. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**27. Úrskurður vegna miðlunar LÍN á upplýsingum um fyrndar kröfur í skuldastöðukerfi - mál nr. 2016/1493**

Persónuvernd úrskurðaði um að Lánasjóði íslenskra námsmanna hefði verið óheimilt að miðla upplýsingum um fyrndar kröfur á hendur kvartanda í skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**28. Úrskurður um rafræna vöktun með eftirlitsmyndavélum hjá Twill ehf. – mál nr. 2016/1517**

Persónuvernd úrskurðaði að rafræn vöktun með hljóðupptökum á vegum Twill ehf. hefði ekki samrýmst lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglum nr. 837/2006 um rafræna vöktun. Þá var kvartendum ekki veitt lögboðin fræðsla í samræmi við lög nr. 77/2000 og reglur nr. 837/2006. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**29. Úrskurður um umfjöllun Tryggja ehf. um leigjanda á samskiptamiðli – mál nr. 2016/1527**

Persónuvernd úrskurðaði að umfjöllun Tryggja ehf. um leigjanda, í tengslum við aðkomu fyrirtækisins að uppgjöri milli hans og leigusala, hefði ekki samrýmst lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**30. Álit um afhendingu á myndbandsupptökum frá Arion banka í þágu skatteftirlits embættis Ríkisskattstjóra – Álit í máli nr. 2016/1529**

Persónuvernd veitti álit á því hvort Arion banka væri heimilt að afhenda embætti Ríkisskattstjóra tiltekna upptök úr eftirlitsmyndavélum í þágu skatteftirlits. Í álitinu kom fram að eingöngu mætti afhenda lögreglu myndefni úr öryggismyndavélum og að Ríkisskattstjóri gæti borið undir dómstóla synjun Arion banka á að afhenda umrætt efni. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**31. Sölusímtöl frá DV ehf. – mál nr. 2016/1582**

Persónuvernd úrskurðaði um að sölusímtöl DV ehf. hefðu ekki samrýmst lögum nr. 77/2000. Nánar tiltekið hefði DV ehf. ekki virt bannmerkingu í þjóðskrá, sbr. 28. gr. laganna, þegar hringt var í fyrirverandi viðskiptavin og honum boðin áskrift. Fyrirmælum var beint til DV ehf. um að senda Persónuvernd skriflega lýsingu á því hvernig tryggt yrði framvegis að farið yrði að ákvæðinu. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**32. Úrskurður um notkun Strætó bs. á ökuritum í bifreiðum fyrir akstursþjónustu fatlaðra og hreyfihamlaðra – mál nr. 2016/1588**

Persónuvernd úrskurðaði að notkun Strætó bs. á ökuritum í bifreiðum, sem notaðar eru fyrir akstursþjónustu fatlaðra og hreyfihamlaðra, auk miðlunar á upplýsingum til notenda akstursþjónustunnar, væri heimil. Fræðsla til kvartanda samrýmdist aftur á móti ekki lögum nr. 77/2000 og reglum nr. 837/2006. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**33. Ákvörðun um myndbirtingu hjá Já.is – mál nr. 2016/1639**

Persónuvernd tók ákvörðun í frumkvæðismáli þar sem fjallað var um birtingu mynda af heimilum einstaklinga á vefsíðunni Já.is, þegar leitað er eftir upplýsingum um þá á síðunni. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnslan samrýmdist ekki lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**34. Úrskurður um vinnslu persónuupplýsinga hjá Tryggingastofnun ríkisins – mál nr. 2016/1646**

Persónuvernd úrskurðaði að fyrirhuguð vinnsla Tryggingastofnunar ríkisins á persónuupplýsingum um einstakling, í tilefni af umsókn hans um greiðslu ellilífeyris, hefði samrýmst lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**35. Niðurstaða frumkvæðisathugunar á 365 miðlum hf. vegna eftirlits með IP-tölum – mál nr. 2016/1705**

Persónuvernd hóf frumkvæðisathugun á vinnslu persónuupplýsinga hjá 365 miðlum hf. í kjölfar fréttatilkynningar um eftirlit fyrirtækisins með IP-tölum þeirra sem hlóðu höfundarréttarvörðu sjónvarpsefni inn á dreifiveitur. Með vísan til þeirra skýringa sem 365 miðlar veittu Persónuvernd við rannsókn málsins voru ekki gerðar athugasemdir við umrædda vinnslu persónuupplýsinga, að svo stöddu. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**36. Úrskurður um vöktun með ökuritum hjá John Lindsay hf. – mál nr. 2016/1756**

Persónuvernd úrskurðaði að rafræn vöktun með ökuritum í vinnubifreiðum John Lindsay hf. hefði verið heimil, en fræðsla til starfsmanna félagsins hefði ekki verið fullnægjandi. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**37. Úrskurður um meðferð Stígamóta á tölvupósthólfi starfsmanns við starfslok – mál nr. 2016/1779**

Persónuvernd úrskurðaði að meðferð Stígamóta á tölvupósthólfi kvartanda við starfslok hefði hvorki samrýmst 9. gr. reglna nr. 837/2006 né lögum nr. 77/2000. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**38. Úrskurður um birtingu persónuupplýsinga á vefsíðu héraðsdómstólanna – mál nr. 2016/1783**

Persónuvernd úrskurðaði að vinnsla Héraðsdóms Reykjaness og Héraðsdóms Reykjavíkur á persónuupplýsingum við birtingu tveggja dóma hefði ekki samrýmst lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**39. Úrskurður um beiðni til þjónustuaðila um afrit af tölvupósti starfsmanns - mál nr. 2016/1838**

Persónuvernd úrskurðaði að fyrirtækinu Viðhaldi og viðgerðum ehf. hefði verið heimilt að fara fram á við netþjónustuaðila sinn að hann endurheimti tölvupóst starfsmanns úr vinnutölvupósthólfi hans. Þeim hluta kvörtunarinnar sem laut að almennu tölvupósthólfi fyrirtækisins var vísað frá. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**40. Úrskurður um að birtingu Húðfegrunar ehf. á myndum af einstaklingi í auglýsingum – mál nr. 2016/1863**

Persónuvernd úrskurðaði að birting Húðfegrunar ehf. á myndum af einstaklingi í auglýsingum hefði samrýmst lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þar sem fyrir lá undirritaður samningur milli aðila um birtinguna. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).



**41. Úrskurður um vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við boð um þátttöku í vísindarannsókninni „Blóðskimun til bjargar – þjóðaráttak gegn mergæxlum“ – mál nr. 2017/87**

Persónuvernd úrskurðaði um að vinnsla ábyrgðaraðila á persónuupplýsingum um kvartanda til að ítreka, með SMS-skilaboðum, boð til hennar um þátttöku í vísindarannsókninni „Blóðskimun til bjargar – þjóðaráttak gegn mergæxlum“, sem og afhending Miðlunar ehf. á farsímanúmeri kvartanda til rannsóknarhópsins, hefði samrýmst ákvæðum laga nr. 77/2000. Nánari útlístan á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**42. Úrskurður um vinnslu persónuupplýsinga hjá fréttastofu Ríkisútvarpsins – mál nr. 2017/136**

Persónuvernd úrskurðaði að vinnsla persónuupplýsinga hjá fréttastofu Ríkisútvarpsins hefði ekki samrýmst lögum nr. 77/2000. Persónuupplýsingar um kvartanda birtust í frétt RÚV, um mæður í neyslu, fyrir mistök en persóna kvartanda var ekki til umræðu í fréttinni og tengdist ekki efni fréttarinnar á neinn hátt. Nánari útlístan á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**43. Úrskurður um vinnslu persónuupplýsinga í fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra – mál nr. 2017/249**

Persónuvernd úrskurðaði að vinnsla Ríkisskattstjóra á persónuupplýsingum um kvartanda í fyrirtækjaskrá hefði verið heimil þar sem vinnslan gæti stuðst við 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Nánari útlístan á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**44. Úrskurður um skráningu Skóla Ísaks Jónssonar á upplýsingum um forsjárlaus foreldri í Mentor – mál nr. 2017/673**

Persónuvernd úrskurðaði að skráning Skóla Ísaks Jónssonar á upplýsingum um föður barns kvartanda í Mentor-kerfi skólans hefði samrýmst lögum nr. 77/2000. Nánari útlístan á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**45. Úrskurður um vinnslu persónuupplýsinga hjá Hagstofu Íslands – mál nr. 2017/702**

Persónuvernd úrskurðaði að það verklag Hagstofu Íslands að hringja í einstaklinga sem veldust í úrtak rannsókna þar til afstaða þeirra lægi fyrir, án takmarkana, hefði ekki samrýmst lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Nánari útlístan á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**46. Úrskurður um birtingu persónuupplýsinga á vefsíðu Hæstaréttar Íslands – mál nr. 2017/711**

Persónuvernd úrskurðaði að vinnsla Hæstaréttar Íslands á persónuupplýsingum við birtingu dóms á heimasíðu réttarins hefði ekki samrýmst ákvæðum laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, sem í gildi voru þegar dómurinn var birtur. Þá samrýmdist áframhaldandi netbirting umræddra upplýsinga ekki ákvæðum núgildandi laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Nánari útlístan á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**47. Úrskurður um miðlun efnis úr eftirlitsmyndavél hjá KFC ehf. – mál nr. 2017/735**

Persónuvernd úrskurðaði um að miðlun upplýsinga úr eftirlitsmyndavél KFC ehf. hefði verið óheimil. Nánar tiltekið var utanaðkomandi einstaklingi leyft að skoða myndefni úr eftirlitsmyndavélakerfi staðarins. Nánari útlístan á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**48. Úrskurður um miðlun heilsufarsupplýsinga til Árbæjarskóla - mál nr. 2017/741**

Persónuvernd úrskurðaði að miðlun skólahjúkrunarfræðings á persónuupplýsingum um son kvartanda til skólastjóra Árbæjarskóla annars vegar og öflun skólastjórans á upplýsingunum hins vegar hefði samrýmst lögum nr. 77/2000. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

**49. Úrskurður um óheimila miðlun persónuupplýsinga frá Tækniskólanum ehf. – mál nr. 2017/842**

Persónuvernd úrskurðaði að miðlun persónuupplýsinga frá Tækniskólanum ehf. til Háskólans í Reykjavík hefði ekki samrýmst lögum nr. 77/2000 þar sem kvartandi var skráður á bannskrá Þjóðskrár Íslands og ekki var aflað samþykkis hans fyrir miðluninni. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á vefsíðu Persónuverndar](#).

---

# Erlent samstarf

---

## Samstarf norrænna persónuverndarstofnana

Sameiginlegur norrænn fundur forstjóra, lögfræðinga og tæknisérfræðinga persónuverndarstofnana var haldinn í Tromsø í Noregi 8. og 9. maí 2017 og var hann sóttur af forstjóra Persónuverndar og skrifstofustjórum lögfræðisviðs og upplýsingaöryggis. Fundurinn hófst á sameiginlegri málstofu þar sem hver stofnun greindi frá helstu málum og áherslum í starfi sínu í tengslum við nýja persónuverndarlöggjöf. Helstu umræðuefni fundarins þetta árið voru afmarkaðir þættir nýrrar Evrópureglugerðar á sviði persónuverndar, s.s. álagning sekta, tilkynningar um öryggisbresti og tilnefning persónuverndarfulltrúa. Þá var einnig rætt um persónuvernd og heilsufar ásamt notkun gervigreindar og ýmiss konar nýrrar tækni og hvernig notkun hennar samrýmdist persónuverndarlöggjöfinni.

Framhaldsfundur fyrir forstjóra norrænna persónuverndarstofnana og helstu sérfræðinga þeirra var haldinn í Osló 10. janúar 2018. Fundinn sótti forstjóri ásamt skrifstofustjórum lögfræðisviðs og upplýsingaöryggis. Helstu umræðuefni voru mat á áhrifum á persónuvernd, fyrirframsamráð, innbyggð og sjálfgefin persónuvernd, persónuverndarfulltrúar, tilkynningar um öryggisbresti og flutningsréttur.

## Starf vinnuhóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB

Hér er um að ræða ráðgefandi vinnuhóp sem starfar samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga, sem lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, eru byggð á. Vinnuhópurinn, sem heldur fundi sína í Brussel, er skipaður forstjórum og öðrum háttsettum fulltrúum persónuverndarstofnana í aðildarríkjum ESB, sem og áheyrnarfulltrúum frá öðrum þeim löndum sem fara að reglum tilskipunarinnar, þ. á m. Íslandi.

Á árinu 2017 voru haldnir fimm fundir: 109. fundur var haldinn 7.-8. febrúar, sóttur af skrifstofustjóra upplýsingaöryggis; 110. fundur var haldinn 4.-5. apríl, sóttur af forstjóra; 111. fundur var haldinn 7.-8. júní, sóttur af skrifstofustjóra lögfræðisviðs; 112. fundur var haldinn 3.-4. október, sóttur af forstjóra; og 113. fundur var haldinn 28.-29. nóvember, sóttur af forstjóra og skrifstofustjóra upplýsingaöryggis. Þá sótti skrifstofustjóri upplýsingaöryggis einn „Fablab“-fund á vegum hópsins þann 18. október. Vinnuhópurinn tekur mál upp að frumkvæði formanns, eftirlitsyfirvalda í aðildarríkjum Evrópusambandsins eða framkvæmdastjórnar þess. Á fundunum eru samþykkt, með einföldum meirihluta atkvæða, álit og tilmæli um þau efni sem þar eru rædd.

Helstu skjöl, sem vinnuhópurinn samþykkti á árinu 2017, eru eftirtalin:

- Leiðbeiningar um persónuverndarfulltrúa
- Leiðbeiningar um forystueftirlitsyfirvald (e. lead supervisory authority)
- Leiðbeiningar um rétt til flutnings eigin gagna
- Leiðbeiningar um mat á áhrifum á persónuvernd (e. data protection impact assessment)
- Leiðbeiningar um tilkynningar um öryggisbresti (drög)
- Leiðbeiningar um sjálfvirka ákvarðanatöku og persónusnið (drög)



- Leiðbeiningar um gagnsæi (drög)
- Leiðbeiningar um samþykki (drög)
- Leiðbeiningar um stjórnvaldssektir
- Álit nr. 1/2017 um drög að nýrri reglugerð ESB um persónuvernd í fjarskiptum
- Álit nr. 2/2017 um eftirlit með starfsmönnum á vinnustöðum
- Skýrsla um framkvæmd samkomulags um flutning persónuupplýsinga milli Bandaríkjanna og Evrópu (EU-US Privacy Shield)
- Álit nr. 3/2017 á helstu ákvæðum tilskipunar ráðsins og þingsins (ESB) 2016/680 um vinnslu persónuupplýsinga hjá löggæsluyfirvöldum (löggæslutilskipunin).

## Samstarf vinnuhóps sérfræðinga EFTA um persónuvernd

Hér er um að ræða samstarf vinnuhóps sérfræðinga EFTA sem heyrir undir undirnefnd II hjá EFTA-skrifstofunni í Brussel. Vinnuhópurinn hélt fimm fundi á árinu 2017 og voru þeir allir sóttir af Persónuvernd. Fundirnir voru haldnir í húsakynnum EFTA í Brussel þann 24. janúar, 25. apríl, 7. júlí og 18. október en einn fundur fór fram í Reykjavík þann 30. maí.

Í vinnuhópnum sitja fulltrúar ráðuneyta EFTA-ríkjanna, sendiráða þeirra í Brussel og persónuverndarstofnana sem koma að innleiðingu gerða Evrópusambandsins í landsrétt EFTA-ríkjanna. Aðalumræðuefni fundanna var einkum ný reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin eða GDPR). Þá voru ræddir einstaka þættir reglugerðarinnar ásamt þverlægum málefnum (e. horizontal issues) tengdum innleiðingu hennar í íslenskan rétt auk þess sem hópurinn átti fund með framkvæmdastjórn ESB um tillögur að aðlögun persónuverndarreglugerðarinnar í EES-samninginn.

Einnig var rætt um innleiðingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1250 um samkomulag um flutning persónuupplýsinga milli Bandaríkjanna og Evrópu (e. Privacy Shield) ásamt öðrum málefnum tengdum persónuvernd.

## 29. fundur starfsmanna persónuverndarstofnana (e. European Case Handling Workshop)

Dagana 20.-21. júní 2017 var 29. fundur starfsmanna persónuverndarstofnana haldinn í Manchester á Englandi. Fundurinn var sóttur af skrifstofustjóra upplýsingaöryggis sem einnig hélt þar erindi um nýjan rétt til flutnings eigin gagna skv. persónuverndarreglugerðinni.

## Samstarf evrópskra persónuverndarstofnana

Vorfundur forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn 27.-28. apríl 2017 á Kýpur. Forstjóri Persónuverndar sótti fundinn.

Á vegum Evrópska persónuverndarfulltrúans (e. European Data Protection Supervisor (EDPS)) voru haldnir fundir nefndar sem hefur eftirlit með meðferð persónuupplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu. Í nefndinni eru fulltrúar frá persónuverndarstofnunum viðkomandi ríkja og samhæfa þeir eftirlit sitt á umræddum fundum. Á árinu 2017 voru fundirnir tveir, haldnir í Brussel 13. apríl og 14. nóvember. Skrifstofustjóri lögfræðisviðs sótti fundina af hálfu Persónuverndar.

Einnig eru á vegum EDPS haldnir fundir nefndar til samræmingar á eftirliti með VIS-gagnagrunninum (e. VIS Supervision Coordination Group). VIS stendur fyrir „Visa Information System“, en þar er um að ræða tölvukerfi með margvíslegum upplýsingum um þá sem sækja um vegabréfsáritun í einhverju aðildarríkja Schengen, þ. á m. fingraförum viðkomandi og ljósmyndum. Í nefndinni eru fulltrúar frá persónuverndarstofnunum viðkomandi ríkja. Haldnir voru tveir fundir á árinu 2017, þ.e. 13. apríl og 15. nóvember. Skrifstofustjóri lögfræðisviðs sótti fundina af hálfu Persónuverndar.

Að auki eru á vegum EDPS haldnir fundir nefndar sem hefur eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga í Eurodac-fingrafarakerfinu. Í það kerfi eru skráðar upplýsingar um fingraför umsækjenda um alþjóðlega vernd, þeirra sem dvelja ólöglega í aðildarríki eða koma ólöglega yfir landamæri og er ekki vísað frá. Gagnagrunnurinn er notaður til að auðkenna viðkomandi einstaklinga í tengslum við framkvæmd Dyflinnarreglugerðarinnar sem fjallar um ákvörðun þess hvaða aðildarríki fari með hælisumsóknir. Framangreind nefnd vegna eftirlits með þessum gagnagrunni hélt tvo fundi á árinu 2017, þ.e. 14. júní og 15. nóvember. Skrifstofustjóri lögfræðisviðs sótti fundina af hálfu Persónuverndar.

### Alþjóðlegt samstarf

39. alþjóðaráðstefna forstjóra persónuverndarstofnana var haldin í Hong Kong 25.-29. september 2017. Ráðstefnan var ekki sótt af hálfu Persónuverndar.

### Samstarf á vettvangi Evrópuráðsins

Ráðgefandi nefnd Evrópuráðsins um gagnavernd (T-PD), sem starfar á grundvelli Evrópuráðssamnings nr. 108 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga frá 1981, hélt tvo fundi á árinu og sótti lögfræðingur hjá Persónuvernd þá báða. Kostnaður vegna fundanna var greiddur af Evrópuráðinu.

Á 34. fundi nefndarinnar, sem haldinn var í Strasbourg 19.-21. júní 2017, var meðal annars fjallað um persónuvernd í tengslum við löggæslustarfsemi og unnið að leiðbeiningum um vinnslu heilsufarsupplýsinga. Þeirri vinnu var fram haldið á 35. fundi nefndarinnar sem haldinn var 22.-24. nóvember, en auk þess má nefna að rædd voru ný dómafordæmi Mannréttindadómstóls Evrópu á sviði persónuverndar og kynnt ný skýrsla Alþjóðanefndar Rauða krossins um persónuvernd í mannúðarstarfi.

Þá samþykkti nefndin að stofna til [verðlauna í nafni Stefano Rodotá](#), sem lést á árinu, en hann var ötull málsvari persónuverndar á sviði Evrópuráðsins og Evrópusambandsins, auk þess sem hann var fyrsti forstjóri ítölsku persónuverndarstofnunarinnar og fyrrverandi formaður vinnuhóps forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB. Verðlaunin verða veitt fyrir rannsóknir og fræðistörf á sviði persónuverndar og eru þau ætluð nemendum og fræðimönnum frá þeim ríkjum sem taka þátt í starfi nefndarinnar.





Persónuvernd